

2. fundur verkefnisstjórnar rammaáætlunar, 6. áfanga

Staður: Akurey, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Borgartún 26, 105 Reykjavík.

Tími: 19. september 2025 kl.10:00-12:00

Mætt: Vstj: Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT) (á Microsoft Teams), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS), Jón Björn Hákonarson (JBH)

URN: Ása Guðmundsdóttir

Gestir: Jón Geir Pétursson (JGP) sat til 11:20

Dagskrá:

1. Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar

Jón Geir Pétursson formaður verkefnisstjórnar 5. áfanga mætir kl.10 og fer yfir skýrsluna og bregst við spurningum.

2. Verkefnin framundan
3. Faghópar, skipan formanna o.fl.
4. Önnur mál

Fundarfrásögn:

Fundur settur kl. 10:08

1. Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar

JGP kynnir lokaskýrslu verkefnisstjórnar 5. áfanga. Lokaskýrslan er aðgengileg á heimasíðu rammaáætlunar.

Nefnt er að heimasíðan þarfnast uppfærslu. Vstj. mun ræða frekar á öðrum fundi.

Fjallað er um áfangaskipti við afgreiðslu virkjunarkosta eins og var undir síðustu verkefnisstjórn. Talað er um hvað leiddi til þessarar breytingar.

Umræður um hvernig skuli taka fyrir vindorkukosti í 6. áfanga rammaáætlunar.

2. Verkefnin framundan

Rædd eru frumvörp sem tengjast rammaáætlun sem verða tekin fyrir á þinginu haust 2025- vor 2026 samkvæmt þingmálaskrá.

Rætt er að fá sérfræðing um málefni sem tengjast þingmálaskrá til að útskýra málin fyrir vstj. Tekið er undir með því.

Virkjunarkostir sem koma til greina framundan ræddir.

3. Faghópar, skipan formanna o.fl.

Breytingar á mannskap faghópa ræddar. Í þeim tilfellum sem formenn sitji ekki áfram, er rætt hverjir skulu taka við formennsku. SJ mun taka málið áfram.

4. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið 12:10

ÁG ritaði fundarfrásögn